

Tekjur:

83

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1900	kr. 1000 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 6900 00	kr. 7900 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 600 00	
2. Ferðakostnaður	— 100 00	
3. Í afborgun uppí og vaxtagreiðslu af láni til Ölfusárbrúarinnar	— 482 63	
4. Kostnaður samkv. lögum 2. okt. 1891 um skip- un dýralækna á Íslandi	— 300 00	
5. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík)	— 100 00	
6. Gjöld til búnaðarskólans á Hvanneyri á skóla- árinu 1901—1902, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840 00	
7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1901—1902	— 4500 00	
8. Ýmisleg útgjöld	— 400 00	
9. Eptirstöðvar	— 577 37	kr. 7900 00

Hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald er 6060 kr. (6900 kr. ÷ c. 840 kr.). Með því eigi má jafna niður meiru, en 5107 kr. 91 e. samkv. 56. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til þess að jafna niður sem gjaldi til amtssjóðs 6060 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

34. Amtsráðið ályktaði að veita 20 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Suðuramtið, Reykjavík, 6. júlí 1900.

J. Havsteen.

Skýrsla

84

um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 18.—19. júlí 1900.

Árið 1900, 18. júlí, var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmani Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Asgeiri bónda Bjarnasyni í Knararnesi (úr Mýrasýslu), sýslumanni

84 Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), hreppstjóra Snæbirni Kristjánsyni í Hergilsey (varaamtsráðsmanni úr Austurbarðastrandarsýslu), sjera Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu), sjera Sigurði Stefánssyni í Vigur (úr Norðurísafjarðarsýslu) og prófasti sjera Páli Ólafssyni á Prestbakka (úr Strandasýslu). — Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu var enginn mættur, og höfðu bæði amtsráðsmaðurinn þar og varaamtsráðsmaðurinn tjáð forföll sín. — Úr Vesturbarðastrandarsýslu var eigi heldur neinn fulltrúi mættur, og komu boð um forföll með amtsráðsmanninum úr Vesturísafjarðarsýslu.

Í stað fyrverandi sýslumanns Skúla Thoroddsens, amtsráðsmanns í Norðurísafjarðarsýslu, sem hafði gengið úr amtsráðinu eða misst kjörgengi, sem búsettur utan amtsins (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 10.—12. júní 1899. Stj.tíð. 1899, B, bls. 134, og lög 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtsjóða og sýslusjóða) hafði kosinn verið varaamtsráðsmaðurinn sjera Sigurður Stefánsson í Vigur, fyrir það tímabil, sem eptir var af kjörtíma Skúla Thoroddsens, sem sje til 31. maí 1901, en í stað varaamtsráðsmannsins hafði verið kosinn fyrir sama tíma sjera Páll Stephensen á Melgraseyri.

Í stað dbrm. Þórðar hreppstjóra Þórðarsonar frá Rauðkollsstöðum, sem amtsráðsmanns úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem andaðist í fyrra, hafði verið kosinn sýslumaðurinn í nefndri sýslu, Lárus H. Bjarnason í Stykkishólmi, sömuleiðis fyrir tímabilið til 31. maí 1901.

Forseti lagði fram skýrslu hlutadeigandi sýslumanna um þessar kosningar, og voru þær samþykktar.

Forseti skýrði frá fráfalli amtsráðsmannsins úr Austurbarðastrandarsýslu, kaupmanns Eyjólfis E. Jóhannssonar í Flatey, og var mættur í hans stað Snæbjörn hreppstjóri Kristjánsson í Hergilsey, þar sem eigi hafði verið tími til að láta kosning framfara á öðrum amtsráðsmanni.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1899, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Strandasýslu og Mýrasýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1899, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Norðurísafjarðarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins, fyrir 1899, sem var framlagður, var fenginn í hendur amtsráðsmanninum úr Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar.
4. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi var fenginn í hendur amtsráðsmönnum úr Dalasýslu og Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar.
5. Forseti skýrði frá, að innieign Styrktarsjóðsins »Þorvaldar minning« í Söfnunarsjóði Íslands væri nú 4504 kr. 87 a.
6. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand alþýðustyrktarsjóðanna, úr öllum sýslum amtsins við árslok 1899, nema úr Dalasýslu, en frá

byrjun þess árs skyldu sýslumenn taka við umsjón með þessum sjóðum samkvæmt lögum 18. desbr. 1897. um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890, (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 10.—12. júní 1899 Stjtið. 1899 B, bls. 139—140).

Amtsráðið yfirfór þessar skýrslur og athugaði um skýrslurnar úr Nordurísafjarðarsýslu og Vesturís fjarðarsýslu og Mýrasýslu, að þær eigi hefðu inni að halda upplýsingar um tölu gjaldanda, karla og kvenna, eins og amtmaður hafði fyrirlagt í brjefum sínum, dags. 18. júlí og 22. septbr. f. á.; var forseta talið að heimta skýrslur sýslumanna hjer að lútandi. Eptir skýrslunni úr Mýrasýslu eru 83 kr. innistandandi hjá hreppstjóranum í Hraunhreppi og skýrir sýslumaður svo frá, að hreppstjórinn hafi skuldbundið sig til, að borga upphæðina fyrir miðjan ágúst þ. á. og sett tryggingu fyrir. Forseta var talið að hafa eptirlit með, að upphæðin yrði greidd.

7. Eptir 5. gr. nefndra laga 18. desbr. 1897. á landshöfðingi að semja reglugjörð eptir tillögum amtsráðsmanna um úthlutun á helmingnum á hinu árlega gjaldi til sjóðanna og hálfum vöxtum, samanber 7. gr. laganna 11. júlí 1897, og þar sem nú bráðum væri að því komið, að útbýting mætti fram fara eptir nefndri lagagrein, hafði forseti samið frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem var framlagt, og skýrði hann frá, að amtsráðið í Suduramtinu hefði ihugað þetta frumvarp og gjört nokkrar smábreytingar á því.

Amtsráðið ljet uppi tillögur sínar hjer að lútandi, og fjellst á frumvarpið eins og það kom fyrir, sömuleiðis samþykkti það form fyrir hinum árlegu reikningum sýslumanna yfir tekjur og gjöld sjóðanna og skýrslum hreppsnefnda um gjaldþegna sjóðsins.

Kostnaður við prentun eyðublaða undir skýrslurnar skyldi goldinn úr jafnaðarsjóði.

8. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt áskorun beggja amtsráðanna (í Suduramtinu og Vesturamtinu) hefði skrifað blutadeigandi sýslumönnum á tilteknu svæði í ömtunum, 6 og 7. júlí f. á., og lagt þeim fyrir, að láta fjárskoðanir og baðanir fram fara til varnar á móti fjárkláðanum (sbr. Stjtið. 1899, B. bls. 122 og 138). Samkvæmt þessu hafði sýslumönnum í Mýra- og Borgartjardarsýslu og í Dalasýslu verið lagt fyrir, að láta almennar fjárskoðanir fram fara að haustinu, þá er fje kæmi af fjalli, og baðanir á öllu fje, sem skyldi lokið fyrir jól; ef kindur fyndust með kláða, skyldu þær teknar til lækninga og hafðar sjer, en allt fje af þeim heimilum, þar sem kláði fyndist, skyldi álitast sjerstaklega grunsamt, og sömuleiðis þeir fjárhópar, sem kláðafje hefði gengið saman við; skyldi slíkt fje haft í stöðugri gæzlu og undir stöðugu eptirliti, en til tryggingar skyldi baða allt grunað fje aptur, þegar liðnir væru. 10 dagar frá hinni fyrri böðun. Svo var leyft að hafa tóbakssósuiburd í stað þess að baða fjed. Ennfremur var sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skrifað á sömu leið að því leyti er snerti Kolbeinsstaðahrepp, og sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að því leyti, er snertir Kjósar-, Kjalarness- og Mosfellshreppa,

84

og sýslumanninum í Árnessýslu að því leyti, er snerti Þingvallasveit. Að öðru leyti var svo fyrirskipað, að haustskoðanir skyldu fram fara í Strandasýslu, Austurbarðastrandarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Árnessýslu og Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, og þaðanir í þeim hreppum, þar sem kláða yrði vart.

Forseti skýrði svo frá, að skýrslurnar um árangurinn af hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum og um heilbrigðisástand fjárins hefðu eigi komið svo snemma, sem ákveðið hefði verið, nema frá einum sýslumanni, en slíkt væri bagalegt, ef svo skyldi atvikast, að nauðsyn væri á því, að gjöra sjerstakar ráðstafanir að vorinu til. Amtsráðið vildi því skora á sýslumenn, að senda frá sjer slíkar skýrslur til amtmanns, innan þess tíma, sem hann tilsetti.

Skýrslurnar voru framlagðar og yfirfarnar.

Skýrslur þessar sýndu, að langt um minna hafði verið um fjárkláða, en að undanfögnu, og að hann yfirleitt eigi væri meiri, en við væri að búast.

Forseti gat þess, að hann eigi hefði gefið út sjerstakar fyrirskipanir gegn fjárkláða á þessu vori, nema fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, eins og áður er skýrt frá, og 2 hreppa í Strandasýslu, en látið sjer nægja að biðja sýslumann að hafa nákvæmar gætur á heilbrigðisástandi sauðfjárins, og fara eptir tilskipun 5. janúar 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Forseti bar því næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis, og skýrði frá tillögum amtsráðsins hjer að lútandi.

Þar sem heilbrigðisástand sauðfjárins þannig hafði reynzt með bezta móti og minna borið á kláða en að undanfögnu, vildi amtsráðið leggja það til, að eigi væri farið lengra, en að fyrirskipa, að almennar skoðanir skyldu fram fara, þegar fje kæmi af fjalli, og lækningar þá viðhafðar og aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum; í þeim hreppum, þar sem kláði fyndist, skyldi baða allt fje eða við hafa tóbakssósuþurð. Þessar fyrirskipanir skyldu gilda fyrir þær sýslur í báðum ömtunum, sem taldar eru að framan.

9. Eptir 6. gr. laga 9. febr. 1900, um horfelli á skepnum o. fl., eiga amtsráðin að semja fyrirmynd fyrir skýrslum skoðunarmanna þeirra, sem þar er gjört ráð fyrir. Amtsráðið ályktaði, að nota skyldi þau eyðublöð, sem fyrir hendi væru, undir skýrslur hreppstjóra um fódurbygðir og ástand búpenings, samkvæmt lögum 26. febr. 1898, um horfelli á skepnum, með breytingu á fyrirsögninni, að því leyti, er snerti tilvísun til laganna, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 10.—12. júní 1899 (Stjtið 1899 B. bls. 141), og skýrslu um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—26. júní 1899 (Stjtið. 1899, B, bls. 125—126).

Forseti skýrði frá því, hvernig amtsráðið í Suðuramtinu hefði hugsað sjer að hafa eyðublöðin framvegis, og fjellst amtsráðið á þær ályktanir.

Þegar ný eyðublöð yrðu prentuð, skyldi tvískipta dálkinum um búpening- **84**
inn þannig, að fyrst yrði tilgreind »tala« og þar næst »ástand«. Dálkur-
inn um »fóðurbyrgðir« skyldi settur aptur fyrir dálkinn »búpeningur« og
heita: »Eru fóðurbyrgðir nógar?«

10. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1897 og 1898.
11. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðs reikningana úr öllum sýslum amtsins fyrir 1899, og hafði hann yfirfarið þá samkvæmt því, sem fyrir-
mælt er í 41. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. Ennfremur voru framlagðar athugasemdir þær, sem endurskoðendur þeir, sem sýslu-
nefndirnar hafa kosið, höfðu gjört við suma reikningana og svör reikn-
ingshaldara.

Amtsráðið úrskurðaði þarnæst reikningana.

12. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslu-
nefndanna:

- A. Úr Strandasýslu frá 29. septbr. f. á. og 18.—19. apríl þ. á.
- B. Úr Norðurisafjardarsýslu frá 26.—28. marz þ. á.
- C. Úr Vesturisafjardarsýslu frá 18. apríl þ. á.
- D. Úr Vesturbarðastrandarsýslu frá 18. apríl þ. á.
- E. Úr Austurbarðastrandarsýslu frá 6. apríl þ. á.
- F. Úr Dalasýslu frá 27. apríl þ. á.
- G. Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6.—7. apríl þ. á.
- H. Úr Mýrarsýslu frá 12. oktbr. f. á. og 26. apríl þ. á.

Í Strandasýslu, Norðurisafjardarsýslu, Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappa-
dalssýslu og Mýrasýslu hafði niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins farið nokkuð
fram úr því, sem jafna mátti niður, án samþykkis amtsráðsins, sbr. Stjtið.
1897, B, bls. 114—115, 1898 B, bls. 159 og 163 og 1899, B, bls. 140, og gat
þess, að slíkt fjelag væri nú stofnað. Hann lagði fram lög fjelags þessa,
sem voru samhljóða því frumvarpi, sem amtsráðið hafði fallizt á á fundi
sínnum 8.—10. júní 1898 (Stjtið. 1898, B, bls. 169) að undanteknum nokkrum
smábreytingum, sem forseti skýrði amtsráðinu frá, hverjar væru.

13. Forseti skirskotaði til þess, er gjörzt hafði á fundum amtsráðanna 9.—10.
júni 1897, 8.—10. júní 1898 og 10.—12. júní 1899, viðvíkjandi hluttekning
Vesturamtsins í stofnun allsherjar-búnaðarfjelags fyrir Ísland, sbr. Stjtið.
1897, B, bls. 114—115, 1898 B, bls. 159 og 163 og 1899, B, bls. 140, og gat
þess, að slíkt fjelag væri nú stofnað. Hann lagði fram lög fjelags þessa,
sem voru samhljóða því frumvarpi, sem amtsráðið hafði fallizt á á fundi
sínnum 8.—10. júní 1898 (Stjtið. 1898, B, bls. 169) að undanteknum nokkrum
smábreytingum, sem forseti skýrði amtsráðinu frá, hverjar væru.
- Amtsráðið fjellst á frumvarpið, eins og það lá fyrir, og ákvað um leið,
að tillag amtsins til fjelagsins yrði 250 kr., sem skyldu greiðast með 200
kr. úr Búnaðarsjóði Vesturamtsins og 50 kr. úr jafnaðarsjóði. Forseta var
falið að leita samþykkis landshöfðingja til framlags þessa.
14. Forseti lagði fram erindi hreppsnefndarinnar í Skógarstrandarhreppi, dags.
18. maí þ. á., þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinn-
ar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á fundi hennar 6.—7. apríl þ. á., sem

84

fellir úr gildi þá ákvörðun, sem hreppsnefndin hafði tekið um fjallskil Jóhanns bónda Jónasarsonar í Öxney á síðastliðnu hausti, og ákveður, að hann skuli vera laus við að borga þá upphæð, 8 kr. 50 a., sem hreppsnefndin hafði kostað til þess, að sú ferð í Miðhraunsskilarjett yrði farin, sem lögð hafði verið á Jóhann.

Amtsráðið ályktaði, að leita álits sýslunefndarinnar um kæru þessa.

15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dagsett 10. apríl þ. á., þar sem hann leitar samþykkis amtráðsins til þess, að bæirnir utan Breiðavíkurhrauns eða nyrzti parturinn af Breiðavíkurhreppi, sem er 6. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar, verði lagðir undir yfirsetukonuna í Neshreppi utan Ennis, sem er 5. umdæmið, þannig, að hennar umdæmi verði jafnlangt Ingjaldshólssókn.

Amtsráðið samþykkti þessa tillögu, og verður þá 5. umdæmið, Neshreppur ytri, að meðtöldum þeim parti af Ingjaldshólssókn, sem er í Breiðavíkurhreppi, en 6. umdæmið hinn hluti Breiðavíkurhrepps.

16. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að vegurinn milli Neshreppanna, hinn svo kallaði Ennisdalsvegur, skyldi falla úr tölu sýsluvega.
17. Sýslunefndin í Dalasýslu hefir mælt til þess, að mega taka 6000 kr. lán uppá sýslusjóðinn, til vegabóta og brúargjörða í sýslunni, og veitti amtsráðið samþykki sitt til þessarar lántöku.
18. Framlagður var aptur reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1899, sem ber með sjer, að reikningshaldari hafði fullnægt þeim athugasemdum, sem gjörðar höfðu verið við reikninginn fyrir 1898. Amtsráðið samþykkti reikninginn án athugasemda.
19. Þá var aptur framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1899. Reikningurinn var samþykktur án athugasemda.
20. Sömlueldis var aptur framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1899. Reikningurinn var sömlueldis samþykktur.
21. Að endingu var aptur framlagður og samþykktur reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Vesturamtinu fyrir 1899.

Með þessum reikningi fylgdi (sem forsk. 4) ítarleg skilagrein fyrir kostnaðinum við bygging húss þess, sem reist hafði verið í samfjelagi við hreppsnefndina í Stykkishólmshreppi, til þess það væri þinghús fyrir hreppinn og bókhlada (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 10.—12. júní 1899. Stjórnartíðindi 1899. B, bls. 135).

Á þeim fundi hafði verið gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði um 370 kr. meiri en áætlað var (1500 kr.) og hafði amtsráðið þá leyft, að greiða mætti 200 kr. af þeirri upphæð úr jafnaðarsjóði. Nú hafði kostnaðurinn aðeins farið fram úr áætlun um alls 33 kr. 56 a., og kemur þetta til af því, eptir framlögðu brjefi stjórnarnefndarinnar, dags. 26. marz þ. á., að hún hafði með samþykki hlutadeiganda varið sjóði nokkrum, er safnaður hafði verið milli 1880—1890 til endurreisnar hinnar fornu vörðu í Stykkishólmi,

til þess að byggja turninn framan við húsið, sem um leið er fordyri þess.

84

Í sama brjefi er skýrt frá því, að stjórnarnefndin hafi pantað ofn í húsið, enda þyrfti húsið aðgjörðar við vegna þess, hvað það væri slagamikið, svo að bókunum lægi við skemmdum; þyrfti því að fylla með mosa eða öðru milli þilja. Áætlaður kostnaður við þetta og útvegum efnisins er talinn 200 kr., sem samsvarar þeirri upphæð, sem amtsráðið veitti aukreitis í fyrri, og sem eigi hafði verið notuð, og fer stjórnarnefndin þess á leit, að hún megi nota þá upphæð í því skyni, sem hjer er um að ræða.

Samkvæmt tillögum stjórnarnefndarinnar leyfði amtsráðið, að verja mætti 200 kr. úr jafnaðarsjóði í þessu skyni.

22. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Norðurlisafjarðarsýslu mætti verja 550 kr. af sýsluvegagjaldinu til gutubátsferða á Ísafjarðardjúpi á yfirstandandi sumri.
23. Forseti lagði fram skýrslu um kvennaskólann í Reykjavík 1899—1900, og um vorpróf það og reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept 1898 til 31. ágúst 1899. Ennfremur var framlögð beiðni frá stjórnarnefnd skólans um 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

Amtsráðið sá sjer eigi fært, að veita hinn umbeðna styrk.

24. Forseti lagði fram reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólann í Ölfafsdal 1899—1900, og skýrslu um skólann og kennsluna á honum fyrir 1899—1900.

Amtsráðið ályktaði, að verja til skólans fyrir 1900—1901, með því skilyrði, að tala lærisveina yrði 12 (6 í efri og 6 í nedri deild):

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild	Kr. 900 00
2. Meðgjöf með 6 piltum í nedri deild	— 1500 00
3. Laun forstöðumanns	— 800 00
4. Laun aðstoðarkennara	— 350 00
5. Til verkfæra og áhalda	— 100 00
6. Til prófdómenda	— 50 00
	<u>Kr. 3700 00</u>

og skyldi ganga til þess:

1. Styrkur úr landssjóði	— 2500 00
2. Úr jafnaðarsjóði samkvæmt 3. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtu til amts- sjóða og sýslusjóða	— 640 00
3. Úr búnaðarskólasjóði	— 360 00
4. Úr búnaðarsjóði	— 200 00
	<u>Kr. 3700 00</u>

Amtsráðið ályktaði, að eptirleidis skyldi eigi taka inn á skólann nema 5 nýsveina hvert ár.

Forseti framlagði brjef skólastjóra Torfa Bjarnasonar, dags. 18. júní þ. á., þar sem hann af þeim ástæðum, sem hann tilgreinir, sækir um það til amtsráðsins, til þess að geta haldið skólanum áfram í sama horfi og hingað til, að það vildi veita sjer frest um næstu 5 ár, að þessu yfirstandandi ári meðtöldu, með að greiða afborganir upp í lánið frá 14. nóv. 1896, að upp-

84 hæð 12000 kr. upphaflega, en nú komið niður í 10200 kr., og uppgjöf á tilfallandi vöxtum á sama tímabili.

Forseti skýrði jafnframt frá því að lán það upp á 3000 kr., sem amtsráðið tók í þarfir búnaðarskólans í Ólafsdal 1895, yrði nú borgað á komanda hausti. Vegna þess, að sú hjálp, sem Torfi skólastjóri Bjarnason hefði beðið um, og sem getið er að framan, mundi eigi, eins og hún liggur fyrir, nægja til þess, að skólanum yrði haldið áfram á sama hátt og áður, og amtsráðið áleit, að slíkt hefði meiri kostnað í för með sjer fyrir amtssjóð, en góðu hófi gegndi, samþykkti það heldur (með 4 atkvæðum mót 2) þá tillögu forseta, að veita Torfa Bjarnasyni enn 5000 kr. lán gegn veði í Ólafsdal með öllu því, sem jörðinni fylgir, í viðbót við fyrra lánið, sem á komanda hausti væri komið ofan í 9600 kr., þannig að Torfi Bjarnason þyrfti eigi að greiða afborganir af láninu fyrstu 5 árin, og skyldi vera laus við vaxtagreiðslu af því um jafnlangan tíma. Forseta var falið að taka lán í landsbankanum í þessu skyni, að fengnu leyfi landshöfðingja, með svo vægum kjörum og með svo löngum afborgunarfresti, sem unnt væri að fá.

25. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1901.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1200 kr.
2. 5. afborgun uppí lán Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, 600 kr. og rentur 30. sept. 1901, 450 kr.	1050 —
3. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	3000 —
	<u>5250 kr.</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	1000 kr.
2. Gjald samkvæmt 1. gr. áðurnefndra laga 4. júní 1898	640 —
3. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna	100 —
4. Amtsbókasafnið	400 —
5. 5. afborgun uppí og vextir af bankaláni 14. nóv. 1896, 600 kr. + 450 kr.	1050 —
6. Afborgun uppí og vextir af væntalegu bankaláni í júlí 1900	725 —
7. Ferðakostnaður	60 —
8. Til Búnaðarfelags Íslands	50 —
9. Ýmislegt	225 —
10. Eptirstöðvar	1000 —
	<u>5250 kr.</u>

Niðurjöfnunin fer 63 kr. 95 a. fram úr því, sem jafna má niður, án 84 samþykkis landshöfðingja, sem skyldi leitað.

26. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur yrði haldinn í Reykjavík.

27. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtssráðið 20 kr.

Þá er lesa skyldi upp fundarbókina, áður en hún yrði undirskrifuð 19. þ. m., barst forseta brjef frá stjórnarnefnd Búnaðarfjelags Íslands, dagsett daginn áður, þar sem hún leiðir athygli amtssráðsins að því, að inntaka Vesturamtsins í fjelagið væri bundin þeim skilyrðum, að amtssráðið skuldbindi amtið til að greiða 400 kr. í fjelagssjóð árlega, og að þar, sem stæði í ákvörðunum til bráðabirgða í fjelagsslögunum: »Lög þessi nái gildi, þegar þau hafa verið samþykkt af Búnaðarfjelagi Suðuramtsins og einu eða fleirum amtssráðum og það eða þau hafa samið um tillög til fjelagsins«, þá nái þessi samningur eigi til annars en þess, hvernig fullnægjandi skuldbindingu þar að lútandi skuli hagað, því að með minni upphæð frá Vesturamtsins hálfu geti enginn samningur átt sjer stað, og að það væri skilyrði, sem beinlínis væri sett, þegar til búnaðarfjelags Íslands voru lagðar 23000 kr. úr sjóði búnaðarfjelags Suðuramtsins

Með því nú eigi voru fleiri en 5 fulltrúar á fundi auk forseta, varð engin fullnaðarályktun gjörð um þetta brjef, sbr. 3. gr. laga 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 25. júlí 1900.

J. Havsteen.

Skýrsla

85

um aðalfund amtssráðsins í Norðuramtinu 26.—29. júní 1901.

Ár 1900 hinn 26. júní var aðalfundur amtssráðsins Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtssráðsmanni Húnavatnssýslu B. G. Blöndal umboðsmanni í Hvammi, amtssráðsmanni Skagafjarðarsýslu Ólafi Briem umboðsmanni á Álfgeirsvöllum, amtssráðsmanni Eyjafjarðarsýslu St. Stefánssyni kennara á Möðruvöllum og amtssráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu prófasti Arna Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum voru mál þessi tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða fyrir árið 1899, með fylgiskjölum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs — —
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.